

Mánudaginn 16. desember 1996.

Nr. 444/1996.

Guðjón Styrkársson

(sjálfur)

gegn

Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis

Reykjanesbæ

Íslandsbanka hf.

Sparisjóðnum í Keflavík

Vátryggingafélagi Íslands hf.

Jónínu Guðrúnu Færseth og

J. Ó. J. ehf.

(enginn)

Kærumál. Nauðungarsala. Frávísunarúrskurður staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 25. nóvember 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 11. desember sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 12. nóvember 1996, þar sem máli sóknaraðila til ógildingar nauðungarsölu á fasteigninni Njarðarbraut 9 í Njarðvík var vísað frá dómi. Kæruheimild er í 85. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Sóknaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdómara verði felldur úr gildi og lagt fyrir hann að taka málið til efnismeðferðar.

Héraðsdómari vísaði málinu sjálfkrafa frá dómi án þess að kveðja til aðila eða taka það að öðru leyti fyrir á dómþingi, sbr. síðari málslíð 1. mgr. 82. gr. laga nr. 90/1991. Þeir, sem skoðast varnaraðilar að málinu samkvæmt 3. mgr. sömu greinar, hafa ekki látið það til sín taka.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 12. nóvember 1996.

Fyrir er tekið mál nr. 211/1996: Guðjón Styrkársson gegn sýslumanninum í Keflavík.

Tilfni til þess, að málið er tekið fyrir án þess að kveðja aðila til, eru fyriræli í 82. gr. nsl. nr. 90/1991.

Er í lagagreininni lögð sú skylda á herðar dómara, er honum hefur borist tilkynning og gögn, skv. 1. og 2. mgr. 81. gr., að kanna, hvort skilyrðum nsl. til þess að leita úrlausnar hans sé fullnægt. Sé svo ekki, ber honum að vísa málinu frá dómi með úrskurði án frekari umfjöllunar á dómþingi eða kvaðningar aðila til þings.

Í bréfi, sem barst Héraðsdómi Reykjaness 24. október 1996, tilkynnti Guðjón Styrkársson hrl. héraðsdómara, að hann leitaði úrlausnar á gildi nauðungarsölu á eigninni nr. 9 við Njarðarbraut í Keflavík.

Krafðist hann þess, að nauðungarsalan yrði ógilt með dómi og sýslumanni og/eða embætti hans gert að greiða gerðarbeiðanda kostnað af málinu, þ. á m. skaðabætur, sbr. 80. gr. laga nr. 90/1991, 3. mgr. Auk framangreinds bréfs, sem er dagsett 21. 10. 1996 og þingmerkt nr. I, er lagt fram nr. II bréf sýslumanns í Keflavík ásamt viðfestu bréfi Baldurs Guðlaugssonar hrl., dags. 27. 9. 1996, nr. III frumvarp að úthlutunargerð, dags. 11. október 1996, nr. IV bréf Guðjóns Styrkárssonar hrl., dags. 4. nóvember 1996, ásamt þar greindum fylgiskjöllum nr. 5-11.

Kveður sóknaraðili í bréfi sínu málsatvik vera þau, að við nauðungaruppboð á eigninni, sem fram fór 5. júní 1996, hafi hann orðið hæstbjóðandi vegna verðbréfa, er á eigninni hvíldu, með boði á 5.050.000 krónum. Hefði sýslumaður samþykkt boð sitt með þeim fyrirvara, að greiðsla samkvæmt uppboðsskilmálum bærist fyrir ákveðinn dag. Áður en sá dagur rann upp, tilkynnti sóknaraðili sýslumanni, að hann myndi ekki standa við boð sitt. Síðar tilkynnir sýslumaður í bréfi eða með auglýsingu í blaði, að vanefndauppboð verði haldið í september, vegna þess að hæstbjóðandi hafi ekki staðið við boð sitt og næstbjóðandi ekki talið sig bundinn við boð sitt. Fór vanefndauppboðið fram 18. september 1996 samkvæmt þeim gögnum, sem liggja fyrir.

Eins og mál þetta liggur fyrir, þykir ekki ástæða til þess að rekja mála-vexti eða málsástæður frekar.

Í 80. gr. nsl. segir, að hver sá, sem eigi lögvarinna hagsmuna að gæta, geti leitað úrlausnar héraðsdómara um gildi nauðungarsölu, en krafa þess efnis skuli berast héraðsdómara innan fjögurra vikna frá viðeigandi tímamarki, sem markar lok uppboðs.

Ekki kemur fram í tilkynningu sóknaraðila, hvort hann er að krefjast ógildingar á vanefndauppboðinu sérstaklega eða undangenginni nauð-

ungarsölu. Hann skýrir kröfu sína svo, að þessi nauðungarsölusaga verði öll ógilt með dómi.

Dómari lítur svo á, að í 2. mgr. 34. gr. nsl. komi skýrt fram að öðru óbreyttu, að uppboði sé lokið, þegar hamar fellur.

Vanefndauppboðinu lauk 18. september 1996. Frestur sá, sem veittur er í 80. gr. nsl., rann út 16. október 1996. Var því liðinn sá frestur, sem mælt er fyrir um í 80. gr. nsl., er tilkynning barst héraðsdómara 24. október 1996, og ber því dómara, sbr. 82. gr. sömu laga, að vísa málinu frá dómi með úrskurði.

Sveinn Sigurkarlsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.
